

Svona eru konur !

Dr. Sigrún Stefánsdóttir
Forseti hug-og félagsvísindasviðs

Svona eru
konur!



Háskólinn
á Akureyri

Úrskurður staðfestur: Pólskur karl framseldur

DÓMSMÁL Hæstiréttur staðfesti í gær úrskurð innanríkisráðherra þess efnis að framselja beri pólskan karlmann til föðurlandsins.

Í gögnum málsins kemur fram að maðurinn hafði verið dæmdur í eins árs fangelsi í Póllandi árið 2004 fyrir þjófnað og var dómurinn skilorðsbundinn í fjögur ár. Einnig kemur fram í tölvupósti frá pólskum dómsmálayfirvöldum að hann hafi verið dæmdur árið 2008 fyrir kynferðisbrot gegn barni.

Maðurinn rauf skilorð vegna fyrra málsins og létu pólsk yfirvöld lýsa eftir honum.

Maðurinn vildi ekki fara aftur til Póllands en hann á barn hér á landi.

SUÐUR-SÚÐAN

Hvetur til sátta

Ban Ki-moon, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, hvetur forseta Suður-Súdan til að sleppa pólitískum fongum í von um að koma á vopnahléi í landinu. Ban Ki-moon segir þetta leið til að sætta stríðandi fylkingar.

LEIÐRÉTT

Ranglega var sagt í blaðinu í gær að Hagkaup hefði boðað verðlækkun á 1.500 vörutegundum sem hefðu að óbreyttu hækkað um 2,5 prósent. Hið rétta er að Hagkaup boðaði verðlækkun að meðaltali um 2,5 prósent á um 1.500 innfluttum vörutegundum.

HALDIÐ TIL HAGA

Að gefnu tilefni skal það áréttáð að Batterið Arkitektar er höfundur allra þeirra breytinga á Hótel Pingholti sem fjallað var um í viðtalsgrein í síðasta helgarblaði. Hér er um að ræða nýjan veitingasal, fundarsal og heilsulind sem opnuð verða í byrjun mars á þessu ári.

Karlmenn í forystu fyrir fjölmennar kvennastéttir

Formenn félaga þriggja stétta þar sem konur eru í yfirgnæfandi meirihluta eru karlmenn. Kynjafræðingur segir samfélagið kenna okkur að karlmenn séu betri leiðtogar enda séu kröfugerðir þeirra afgreiddar öðruvísi en kröfur kvenna. Segir það hafa verið klókt bragð hjá leikskólakennurum að fá karlmann til forystu.

SAMFÉLAG Í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Félagi grunnskólakennara og Félagi leikskólakennara eru 82 til 97 prósent félagsmanna konur en það eru þó karlmenn sem fara fyrir forystu allra félaganna og sitja í formannssæti.

Félagsmenn kjósa sína formenn og því eru það að meirihluta konur sem kjósa karla til formennsku í þessum tilfellum. Gyða Margrét Pétursdóttir kynjafræðingur vill þó ekki taka undir hugmyndir um að konur treysti ekki konum til stjórnunarstarfa.

„Í tilfelli leikskólakennara má líta á það sem klókt bragð að fá karlmann til formennsku. Eins og vitað er fá karlar sem ráðast til starfa á þessum vettvangi mikla athygli í samfélaginu, þetta er mögulega viðleitni til að þoka málum áfram í kjarabaráttu og auka virðingu fyrir stéttinni. Einnig gæti það leitt til þess að fleiri karlar sjái fyrir sér að starfa á þessum vettvangi.“

Gyða segir að samfélagið virðist virka þannig að frekar sé hlustað á karla og að þeirra kröfugerðir séu afgreiddar með öðrum hætti en kröfur kvenna.

„En maður óttast að þetta verði til þess að festa þær hugmyndir í sessi og senda þau skilaboð til kvenna að halda áfram að vera sætar, halda kjaftri og láta karlmenn sjá um hlutina.“

Fyrir fáeinum vikum var formannskjör í Kennarasambandi

Konur í afgerandi meirihluta í þremur félögum

Félag leikskólakennara


Konur eru **97%** félagsmanna



Formaður Haraldur F. Gíslason

Félag grunnskólakennara


Konur eru **82%** félagsmanna



Formaður Ólafur Loftsson

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga

Konur eru **98%** félagsmanna



Formaður Ólafur G. Skúlason



Hugtakið glerullustigi lýsir því hvernig karlmenn ferðast á toppinn.

Gyða Margrét Pétursdóttir kynjafræðingur

Íslands þar sem 80 prósent félagsmanna eru konur. Tveir karlmenn buðu sig fram og því vaknar sú

spurning hvort konur treysti sér ekki eða vilji ekki sinna stjórnarstörfum.

„Þarna hefur samfélagið kennt okkur að karlmenn séu best til þess fallnir að vera leiðtogar. Það sýnir það með áþreifanlegum hætti þegar skoðað er hverjir eru forstjórar fyrirtækja og í helstu áhrifastöðum í samfélaginu,“ segir Gyða.

„Flestir kannast við hugtakið glerþakið sem konur rekast á þegar þær reyna að komast til æðstu metorða. Hugtakið gler-

rúllustigi lýsir því hvernig karlmenn ferðast á toppinn.“

Gyða segir tilefni til að skoða þessa stöðu betur þar sem konur eru helmingur mannkyns og ættu að sjálfsgöðu að vera helmingur stjórnenda. Finnst henni þó ekki skipta höfuðmáli hvernig kynjaskiptingin er í félaginu.

„Það væri til dæmis gaman að sjá konu sem væri formaður Landssambands lögreglumanna eða Rafiðnaðarsambands Íslands. Það væri svo sannarlega athyglisvert að sjá sömu þróun þar.“ ertlabjorg@frettablaid.is



Háskólinn
á Akureyri

Strákarnir á Mogganum

Sjónvarpsfréttir í tuttugu ár -1966-1986



Háskólinn
á Akureyri

- ▶ Fyrsta íslenska könnunin á hlut kvenna í sjónvarpsfréttum
- ▶ Skoðaðar voru allar fréttir yfir tveggja mánaða tímabil á hverju ári
- ▶ Meðaltalið var 8.4% . 1966 var engin kona í viðtali -1986 var 13%
- ▶ Heildarfjöldi viðtala við karla: 1842
- ▶ Heildarfjöldi viðtala við konur: 169
- ▶ Með sama hraða á jafnvægi að vera komið á árið 2030

Hvar stöndum við nú ?

- 1966: 100% karlar – 0% konur
- 1985: 87% karlar – 13% konur
- 2001: 75 % karlar - 25% konur
- 2030: 50% karlar – 50% konur ??

10/15/2001



Háskólinn
á Akureyri



Háskólinn
á Akureyri



Háskólinn
á Akureyri

Frið ráðherra
Frásagnir kvenna á ráðherrastóli

Einstök saga brautryðjenda



Hvað skýrir rýran hlut kvenna í fjölmiðlum ?

- ▶ Starfshefðir fjölmiðla
- ▶ Valdasamsetning þjóðfélagsins
- ▶ Vantraust kvenna á fjölmiðlum
- ▶ Vantraust kvenna á eigin getu til þess að miðla sínum málum í fjölmiðlum
- ▶ Vantraust kvenna á eigin fagkunnáttu og þekkingu

Constructive News

Ulrik Haagerup

*Why negativity destroys the media and democracy
- And how to improve journalism of tomorrow*



Preface by Helmut Schmidt

*Publisher of Die Zeit and
former Chancellor of the Federal Republic of Germany*

Epilogue by Michael Møller

Acting Director-General of the United Nations Office

HÁSKÓLINN Á AKUREYRI
BÓKASAFN

Third Edition

Innovative Publishing AG

KENNARAEINTAK



Háskólinn
á Akureyri

Að gera morgundaginn betri en gærdaginn

- ▶ Uppbyggileg blaðamennska byggir á:
- ▶ Lausnum
- ▶ Von
- ▶ Ákalli á aðgerðir
- ▶ Menntun
- ▶ Hvatningu til virkni
- ▶ Jákvæðni og víðsýni



Háskólinn
á Akureyri

lena samninginn.
Nú hafa öll þrjú félögin, SFR, SFLÍ og LL samþykkt samninga. – sg



Hagnaður Eimskipa jókst um 37,1 prósent milli ára. FRETTLAÐIÐ/GVA

2,2 milljarðar í plús hjá Eimskip

VIÐSKIPTI Eimskip hagnaðist um 15,5 milljónir evra, 2,2 milljarða króna, á fyrstu níu mánuðum ársins. Hagnaðurinn jókst um 37,1 prósent milli ára. Tekjur félagsins jukust um 10,9 prósent milli ára og námu 369 milljónum evra, 52 milljörðum króna. Flutningsmagn í áætlunarsiglingum á Norður-Atlantshafi jókst um 2,2 prósent milli ára. – sg

Ísland fremst í jafnrétti kynja

SAMFÉLAG Ísland er í fyrsta sæti í alþjóðlegri úttekt á kynjajafnrétti sem Alþjóðaefnahagsráðið gefur út, sjöunda árið í röð.

Lagt er mat á kynjajafnrétti á fjórum sviðum, það er út frá aðgengi að heilbrigðis- og félagsþjónustu, aðgengi að menntun, þátttöku í stjórnmálum og efnahagslegri stöðu þar sem horft er til atvinnuþátttöku, launajafnréttis, heildaratvinnutekna og hlutfalls kynja meðal stjórnenda og sérfræðinga.

Úttektin var gerð í tíunda sinn. – sg



Vigdís Finnbogadóttir er fyrsta konan í heimi sem er lýðræðislega kjörin þjóðhöfðingi.

Sýknaður af nauðgun því ásetninginn skorti

Dómur Héraðsdóms Suðurlands frá því á mánudag hefur vakið athygli fyrir að þar er rætt um nauðgun af gáleysi. Sanna verður ásetning um nauðgun til að rétt þyki að sakfella. Dæmi eru um gáleysisákvæði í erlendri lagaframkvæmd.

DÓMSMÁL Héraðsdómur Suðurlands sýknaði karlmann af nauðgun því ekki tókst að sanna að hann hefði ætlað sér að nauðga sautján ára samstarfskonu sinni. Ekki var dregin í efa upplifun konunnar og áfall eftir atvikið.

Rakið er í dómnum að á grundvelli hegningarlaga megi ekki refsfa fyrir gáleysi nema sérstakt lagaákvæði segi svo. Ekkert slíkt sé til fyrir nauðgunarákvæði laganna.

Í dómnum eru reifaðar athugasemdir sem fylgja kynferðisbrotakalla almennra hegningarlaga:

„Þá segir í athugasemdunum að þegar ákærði neiti sök sé oft mjög erfitt að sanna huglaga afstöðu hans til verknaðarins og því verði dómstólar þá að meta hverju ákærði hafi hlotið að gera sér grein fyrir, en þannig tvíunnist þá oft saman sakarmat og sönnunarmat.“

Svala Ísfeld Ólafsdóttir, dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík, segir dóminn í þessu máli metan það svo að skynsamlegur vafi sé um sekt ákærða.

„Sönnun í kynferðisbrotum er oft snúin þar sem orð er gegn orði og ekki óðrum sönnunargögnum til að dreifa sem styðja framburð þolandans umfram framburð gerandans,“ segir Svala.

„Það má ekki gleymast að í refsirétti verður maður eingöngu sakfelldur ef hann hefur haft ásetning til að fremja brot, nema heimilt sé að refsfa fyrir gáleysisverknað. Ásetningur er fortaklaust skilyrði refsíabyrgðar fyrir nauðgun,“ segir Svala Ísfeld Ólafsdóttir. svaer@frettbladid.is



Karimaður var sýknaður í Héraðsdómi Suðurlands af nauðgun því ekki tókst að sanna að hann hefði ætlað sér að nauðga sautján ára samstarfskonu sinni.

FRETTLAÐIÐ/HARI

Í refsirétti verður maður eingöngu sakfelldur ef hann hefur haft ásetning til að fremja brot, nema heimilt sé að refsfa fyrir gáleysisverknað.

Svala Ísfeld Ólafsdóttir, dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík



Refsivert í Noregi

Í BA-ritgerð Margrétar Berg Sverrisdóttur frá 2013 segir að í norskum lögum sé ákvæði um að nauðgun af stórkostlegu gáleysi varði fimm ára fangelsi. „Nefndin sagði það sterk rök fyrir setningu ákvæðisins að staða brotþola yrði betri fyrir vikið og ekki taldi hún að ákvæðið væri í andstöðu við réttarríkið. Hún taldi að með ákvæðinu fælust skýr skilaboð um að samfélagið sætti sig ekki við þessa hegðun,“ segir í ritgerðinni.



Háskólinn
á Akureyri

Gildir til 30. nóv. 2015



15%
afsláttur af öllum
pakkningastærðum
af Nicorette Quickmist

Lækkaðu lyfjakostnaðinn

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVER IS

LYFJAVER

Opud mán-fös 8.30-18 og lau 10-14

APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN